

149. löggjafarþing 2018–2019.

Þingskjal x — x. mál.

Þingmannafrumvarp.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum
(frumkvæði almennings að löggjöf)

Frá formönnum allra stjórnsmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi

1. gr.

Við 38. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Að minnsta kosti fimm þúsund íslenskir ríkisborgarar, sem hafa kosningarrétt til Alþingis, geta átt frumkvæði að lagasetningu eins og nánar er útfært í lögum.

Greinargerð.

Ákvæðið sækir fyrirmynd til finnsku stjórnarskrárinnar. Breyting á henni (53. gr.) tók gildi 1. mars 2012 sem heimilaði finnskum kjósendum að bera fram lagafrumvarp á þingi samkvæmt nánari útfærslu í lögum. Þar er gerð sú krafa að 50 þúsund kjósendur hið minnsta standi að frumvarpinu. Þess má geta að íbúar Finnlands eru um 5,5 milljónir.

Nánari reglur um borgafrumkvæðið eins og það er kallað er að finna í lögum. Þar er gert ráð fyrir að safna megi undirskriftum til stuðnings fullbúnu frumvarpi að lögum eða til stuðnings rökstuddri tillögu um að lagafrumvarp verði samið. Forsvarsmenn undirskriftasöfnunar hafa 6 mánuði til að safna þeim. Heimilt er að safna undirskriftum rafrænt. Dómsmálaráðuneytið hefur einng sett upp sérstakt vefsvæði til að aðstoða við söfnun undirskrifta. Þá hafa frjáls félagasamtök sett upp vef til að aðstoða við að semja tillögur. Þjóðskrá Finnlands tekur við undirskriftalistum og fer yfir fjölda undirskrifta og hvort þær stafi í raun frá þeim sem í hlut eiga. Eftir umræðu í þingsal gengur málið til nefndar. Forsvarsmenn borgarafrumkvæðis eiga rétt á að mæta fyrir þingmenn og tala fyrir tillögu sinni.

Borgarafrumkvæði getur lotið að því að samþykkt verði nú lög eða að gildandi lögum verði breytt eða þau felld úr gildi. Hins vegar nær frumkvæðisrétturinn ekki til alþjóðasamninga eða fjárlaga.

Undirskriftasafnanir á grundvelli þessa nýja ákvæðis í finnsku stjórnarskránni skipta hundruðum. Tugir þeirra hafa náð tilskildum fjölda og leitt til þess að mál hafi verið borin upp í finnska þinginu. Fæst þeirra hafa þó verið samþykkt en breytingar á hjúskaparlöggjöf (réttur einstaklinga af sama kyni til að ganga í hjónaband er þó dæmi um árangursríkt borgarafrumkvæði).

Nýlega gengu í gildi lög í Danmörku um borgarafrumkvæði. Samkvæmt þeim geta kjósendur safnað undirskriftum til stuðnings tillögu og náist að minnsta kosti 50 þúsund undirskriftir (íbúar Danmerkur eru um 5,7 milljónir) innan 180 daga er gert ráð fyrir að hún verði lögð fram á þinginu, enda fáist einhver þingmaður til þess. Sett var á laggirnar vefsíðan borgerforslag.dk á vegum þingsins til kynningar á tillögum og söfnunar stuðningsmanna.

Starfsmenn þingsins fara yfir tillögur áður en þær eru birtar og áður en undirskriftasöfnun hefst með tilliti til þess hvort þær standist stjórnarskrá og velsæmiskröfur meðal annars. Meðal tillagna sem náð hafa tilskildum fjölda undirskrifa er tillaga um afnám sérstakra lífeyrisréttinda ráðherra. Önnur tillaga lýtur að því að allir sem náð hafa 18 ára aldri skuli vera sjálfkrafa líffæragjafar. Sú þriðja varðar bann við umskurði heilbrigðra barna en hann heimilaður með samþykki viðkomandi frá 18 ár aldri. Fjórða tillagan, sem náðir hefur nægilegum stuðningi, mælir fyrir um að skorður við fjárhagsstuðning hins opinbera við námsmann þegar fyrstu prófgráðu er lokið verði afnumdar.

Tillaga stjórnlagaráðs gerði ráð fyrir að 2% kjósenda gætu lagt fram þingmál á Alþingi. Ef 10% kjósenda stæðu að baki frumvarpi færi slíkt mál í þjóðaratkvæði ef Alþingi féllist ekki á það.